



BÖÐUM BÖRNIN Í TUNGUMÁLINU

Bryndís Guðmundsdóttir M.A.CCC –SLP
Talmeinafræðingur

HLUTI 2

ORÐAFORÐI OG MÁLÞROSKI

MIKILVÆGI ORÐAFORÐA OG MÁLÞROSKA FYRIR SÍÐARA NÁM

Í fyrsta hluta fór ég yfir mikilvægi foreldratals fyrstu mánuði í lífi barns þar sem foreldrar örva hljóðaleik barna sinna, endurtaka og laða fram babl og hjal hjá barninu. Þar er lagður grunnur að fyrstu hljóðamyndunum sem þróast í átt að fyrstu orðunum, setningahlutum og sjálfsprottinu tali. Á þeirri leið heldur örvunin áfram í formi sjálfvals, hliðartals og víkkunar. Foreldri lýsir því sem það er að gera (sjálfval) og barnið hlustar og fylgist með. Foreldri hefur orð á og lýsir því sem barnið er að gera í leik og daglegum athöfnum (hliðartal). Með vikkun bætir foreldri við tal barns síns, bætir við orðum í setningahluta og viðbótarfræðslu þannig að barnið fær góða fyrirmynd að máltjáningu og málskilningi. Smám saman bætir barnið við sig orðum sem það fer að raða saman í setningar sem verða stöðugt innihaldsríkari og þyngri er varðar merkingu og beygingar tungumálsins.

MÁLÞROSKI BARNA

Þroski barna á sér stað samtímis á mörgum sviðum. Börn rannsaka umhverfi sitt í gegnum snertingu, lyktarskyn, bragðskyn, hlustun, að horfa og skoða og ekki síst í gegnum leikinn. Hreyfi-, vitsmuna-, félags- og tilfinningaþroski eru óaðskiljanlegur hluti af málþroskaferlinu. Óhætt er að segja að málþroski sé undirstaða vitsmunaproska barna, námsárangurs og læsis¹.

Málþroski er n.k. regnhlífarhugtak fyrir málskilning og máltjáningu. Málskilningur byggir á því að barn skilji hið talaða mál, skilji orð og hugtök og geti fylgt og framkvæmt fyrir mæli. Máltjáning er hins vegar eigið tal barnsins, orð sem barn getur sagt og fært í setningar, notað smám saman beygingar tungumálsins, sagt frá í merkingarbærri frásögn o.s.frv. Mörg málþroskaþróun sem talmeinafræðingar leggja



Mynd 1. Málþroski byggir á málskilningi og máltjáningu. Þar eru orðaforði og hugtakaskilningur mjög mikilvægur hluti í máltökunni.

fyrir skoða hvorn þátt fyrir sig en alltaf er miðað við hvað barn á að geta á hverjum tíma miðað við aldur og þroska. Barn sem undirgengst málþroskapróf getur því fengið mismunandi stig eða mælitölu fyrir málskilning og máltjáningu sem heildarmálþroskatala byggir svo á. Það er ekki óeðlilegt að mjög ung börn t.d. skilji meira en þau hafa tók á að tjá í töluðum orðum. Það er mikilvægt að foreldrar ungra barna greini að hvort barn þeirra fylgi einföldum fyrirælum þó að þau geti ekki tjáð sig við 12-18 mánaða aldur. Barn sem fylgir fyrirælum miðað við aldurstengda þætti í málþroska skilur orð og hugtök og er því líklegra til að hafa málskilninghluta málþroskans á valdi sínu.

Það er oft meiri breytileiki í máltjáningu mjög ungra barna fyrstu árin. Það má búast við að 15-19% tveggja ára gamalla barna séu sein til máls². Þau hafa þá slakan talaðan orðaforða miðað við jafnaldra og/eða eru ekki farin að tengja orð í tveggja orða setningar. Það er mikilvægt að gefa því sérstaklega gaum því börn sem eru sein til máls eiga á hættu að þróa með sér málþroskaröskun³ síðar. Rannsóknir hafa sýnt um 7 - 7,6% algengi málþroskaraskana hjá 5 ára börnum⁴.

Einkenni málþroskaröskunar eru erfiðleikar með tungumálið sem orsakast ekki af þekktum taugafraeðilegum, vitsmunalegum, skynjunar- eða tilfinningalegum þáttum.

ORÐAFORÐI - GRUNNORÐAFORÐI BARNNA

Fræðimenn⁵ greina gjarna orðaforða tungumála í lög/þrep eftir merkingu þeirra, þyngdarstigi og tíðni í tali og texta. Lög orðaforðans eru þrjú (Tier 1-3): grunnorðaforði, millilag og efsta lag orðaforðans.



Yfirhugtök/Flokkun

Dæmi:

- Líkamsheiti *í baði, slökun fyrir svefninn*
- Fatnaður *í fataklefanum... fataskápurinn heima*
- Leikföng
- Dýrin
- Matur
- Hlutir á heimili
- Hlutir í skólanum
- Farartæki
- Starfsheiti
- Litir og form
- Tíminn
- Náttúran
- Árstíðirnar
- Tækni og vísindi
– o.fl.



Mynd 2. Það ber góðan árangur að kenna orðaforða með skipulegum hætti.

Fyrsta orðaforðalagið byggir á grunnorðaforða í tungumálinu. Um er að ræða algeng orð úr umhverfi barna fyrstu æviárin og orð sem þau nota oftast í daglegu lífi.

Grunnorðaforða þarf sjaldnast að kenna sérstaklega með útskýringum nema þar sem börn búa við litla málörvun í umhverfi sínu, alast upp við fleiri en eitt tungumál og/eða hafa seinkaðan orðaforða/málþroska. Þetta eru orð sem börn þurfa að hafa á valdi sínu áður en þau læra orð sem ekki er eins auðvelt að skilja og orð sem eru sjaldnar notuð í tungumálinu. Dæmi um orð í grunnorðaforða eru t.d. */hlaupa, detta, hundur, barn, bolti, rauður, mjúkur, heitt, þreytt/ur/*.

Það er mikilvægt að leggja grunn að hugtakaskilningi með orðaforðanum strax frá upphafi (sjá myndir 4-5) en mörg hugtök tengjast beint og óbeint stærðfræðiskilningi sem barn þarf að þekkja síðar í námi. Þar má nefna stærðir, form, magn og samanburðarhugtök, andstæður o.fl. Í leik geta foreldrar ungra barna t.d. endurtekið grunnhugtökinn í setningum með mismunandi áherslum og látbragði svo börnin grípi þessi orð frekar.



Mynd 3. Matartímar eru góðir til að kenna orðaforða og leggja áherslu á grunnhugtökin. Ah..bú – allt búíð! Tómt – viltu meira, meira? Nú er glasið fullt – fullt af miólki!

Sem dæmi þegar leikið er með bolta sem fer hátt og langt gæti foreldri sagt: „*hvar er boltinn? Hann fór langt, langt, langt í burtu – langt í burtu. Obb, obb og nú fór boltinn hátt upp í loftið, hann fór hátt, hátt, rosa hátt upp í loftið*”. Annað dæmi gæti verið þegar barn er að borða og drekka. Það er allt búíð! /ah bú! /og foreldri segir: „*allt búíð? Er allt tómt? Ég helli meira – meira í glasið. Nú er glasið fullt, fullt, fullt af mjólk. Það er mikil mjólk í glasinu*”.

Margir foreldrar kannast við að ung börn vilji skoða og láta lesa fyrir sig sömu smábarnabókina aftur og aftur. Endurtekningin er jákvæð leið til að festa orð í sessi og spyrja spurninga um það sem lesið var. Í endurtekningunni er kjörið tækifæri fyrir foreldra að nota vikkun. Bæta stöðugt við útskýringar og tal. Að mínu mati er jafnframt mikilvægt að gefa fyrirmynd að litlum setningum í lestri þessara smábarnabóka. Fyrstu skrefin í setningamyndun koma gjarnan úr daglegu lífi og við skoðun lítilla bóka þar sem hver upplifun er jákvæð og skemmtileg. Ungum börnum þykir líka mjög gaman að heyra sögur frá því foreldrarnir voru litlir. Foreldri getur t.d. byrjað: „*Einu sinni þegar ég var lítil/í sá ég*”. o.s.frv. Hér leggur foreldri grunn að tímahugtökum (*einu sinni var*) þó börn tileinki sér þau frekar seint í máltökunni. Litlu Mímí bækurnar (Mimi creatons) eru íslenskar og segja frá Mimi sem upplifir svipaða hluti og ung börn. Bækurnar hafa eitt markorð eða áhersluorð með auðveldu tákni frá „tákni með tali” aðferðinni á hverri blaðsíðu. Táknin styður við orðið sem kemur fram í lítilli setningu sem foreldri eða kennari les og kjörið er að endurtaka: *Mímí vill fara út > hvað vill Mímí gera? Mímí vill fara út*. Táknin /út/ er hér til að styðja við innihaldið. Bækurnar eru skiptar eftir ákveðnum þemum t.d. Mímí og dýrin, Mímí fer til læknis o.s.frv. Fjöldi smábarnabóka hafa verið gefnar út sem eru uppbyggðar með þessum hætti og ég hvet foreldra ungra barna til að hafa augastað á þeim. Á fésbókarsíðu *Babl og Spjall* má sækja bækur um dýrin og matinn. Þar eru myndir og setningabrot til að laða fram skipulega orð í þessum merkingarflokkum.

Grunnhugtök og dæmi
Sjá einnig Orðaforðalista Menntamálastofnunar

<ul style="list-style-type: none"> • Grunnlitir: • Stefna: • Magn: • Röðun: • Form: • Stærð: • Félags/tilfinningaorð: • Lýsandi orð: • Áferð: • Tími: • Staða í tíma og rúmi: 	<p style="color: red;">gulur, rauður, grænn, blár í gegnum, kringum fáir, margir fyrst, næst hringur, ferningur stór, lítil glaður, leiður – hiti: heitt, kalt gamall, nýr gróft, mjúkt snemma, seint fyrir framan, aftan, efst, neðst</p>
--	--

Mynd 4

Grunnhugtök í andstæðum

<ul style="list-style-type: none"> • Inni/úti • Lítil/stór • Upp/niður • Glaður/leiður • Ofan á/ofan af • Efst/neðst • Opið/lokað • Hátt/lágt • Heitt/kalt 		<ul style="list-style-type: none"> • Hratt/hægt • Áður/eftir • Hart/mjúkt • Nýtt/gamalt • Tómt/Fullt • Fyrir aftan/framan • Úti/inni • Sofandi/vakandi
---	--	--

Mynd 5

Menntamálastofnun⁶ gaf út Orðaforðalista árið 2017 með orðum sem var safnað saman úr nánasta umhverfi íslenskra barna og helstu orðum sem koma fyrir í lífi og starfi barna á leikskólaaldri. Orðasafnið var hugsað sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra að styðjast við þegar þeir vinna að eflingu orðaforða barna sinna. Fjöldi fagaðila og leikskólastarfsfólks vítt og breitt um landið forprófuðu listann og komu með gagnlegar athugasemdir. Kennarar á yngsta stigi grunnskólans komu jafnframt að því að yfirfara og staðfæra Orðaforðalistann. Þrátt fyrir að orðasafnið sé ekki tæmandi þá inniheldur Orðalistinn dæmi um mikilvægan grunnorðaforða sem gott er að hafa á valdi sínu sem undirstöðu fyrir vaxandi mál- og lesskilning. Bent er á að Orðaforðalistinn getur verið sérstaklega gott verkfæri í vinnu með tvítýngd börn. Orðaforðalistann má sækja á heimasíðu Menntamálastofnunar <https://mms.is/namsefni/ordafordalisti>.

MILLILAG ORÐAFORÐANS

Millilagið (Tier 2) er mjög mikilvægt í orðaforðatilkun barna. *Ég mun fjalla hér á eftir í sérkafla um gagnrýndar leiðir til að kenna millilagið.* En orðin í millilaginu eru ekki eins algeng í talmáli og orð úr grunnorðaforðanum. Þau koma sjaldnar fyrir í daglegum samræðum. Mörg þessara orða eru hins vegar algeng í ritmáli og tækifæri til að læra þau koma aðallega úr bókum eða öðru rituðu máli⁷. Þess vegna skiptir máli að lesa mikið fyrir börn, doka við og útskýra orð sem eru fágæt. Smám saman fara börnin að skilja samhengið og þjálfast í hlustun og einbeitingu. Mörg orðatiltæki, orðtök og málshættir falla undir millilag orðaforðans og er mjög mikilvægt að við notum orðatiltæki í tungumálinu sem verkfæri sem kennir börnum að undir yfirborði tungumálsins getur verið fólgin önnur merking. Ýmis hugtök og huglæg orð eru í millilaginu. T.d. samheiti algengra orða (*bíll-bifreið, hissa-forviða-undrandi*). Ýmis orð þarf að útskýra með tungumálinu sjálfu t.d. margræð orð (*hryggur: er líkamshluti en getur líka þýtt að vera dapur/leiður*). Stundum þarf að fletta orðunum upp í orðabók og skoða merkingu þeirra. Góður orðaforði og þessi hluti málskilningsins, auk hlustunarskilnings er einmitt forsenda þess að barn geti skilið texta þegar það fer að lesa. Um leið og barnið nær betri tökum á læsi fer það svo að lesa á milli línanna og öðlast dýpri skilning á því sem það les. Það kallast að hafa góðan lesskilning.

Ég hef gjarnan tekið dæmi um takmarkaðan lesskilning úr frönskunámi mínu í menntaskóla þar sem ég stóð mig þó ágætlega. En þegar til kom síðar og ég ætlaði að lesa franskt dagblað eða skáldsögu á frönsku, gat ég í mörgum tilvikum alls ekki skilið rétt hvað höfundurinn átti við. Þar sem ég hafði eingöngu yfirborðsþekkingu á frönskunni náði ég ekki raunverulegu merkingunni og gat ekki lesið á „milli línanna”

þannig að ég skildi samhengið. Við getum ímyndað okkur að barn á miðstigi eða unglingur í íslenskum skóla, sem hefur ekki góðan milliorðaforða, gæti verið í svipaðri stöðu, ef ekki er rétt á málum haldið. Það barn getur væntanlega ekki lesið sér til gagns eða ánægju.

Orðaspjallsaðferðin⁸ kennir orðaforða og hlustunarskilning með skipulögðum hætti í gegnum bóklestur, daglegt líf og jafnvel úr fréttum (*mótmæli/nýbúi*). Sérstök áhersla er m.a. lögð á orðaforða úr millilaginu með útskýringum og spjalli.

Aðferð sem byggir á að innihaldsríkur orðaforði sé kenndur skipulega í gegnum tungumálið (CBI/Content Based Instruction) hefur rutt sér til rúms víða í kennslu m.a. í kennslu tvítyngdra barna. Lögð er áhersla á að árangursríkt orðaforða- og málánám eigi sér stað þar sem nemendur fá tækifæri til að upplifa og reyna tungumálið við mismunandi aðstæður. Áhersla er lögð á endurtekningar þar sem nemendur framkvæma og finna á eigin skinni merkingu orða, orsök og afleiðingu. Í gegnum tal, hlustun, lestur og skrift lærist merkingarfræði og orðaforði tungumálsins sem þyngist stig af stigi.

GAGNREYNDAR AÐFERÐIR – MILLILAG ORÐAFORÐANS

Það er mikilvægt að gefa því gaum hvað rannsóknir segja okkur að beri árangur í allri örvun og vinnu með börnum. Judy K. Montgomery (2018)⁹ tók saman 10 gagnrýndar leiðir til að kenna orðaforða. *Neðangreint er aðlagð og þýtt með leyfi Pearson Education, Inc.*

- 1) **Fjórar „rásir“ orðaforðans:** Orðaforði lærist í gegnum hlustun, tal, lestur og skrift. Allt eru þetta mikilvægar leiðir sem kenna orðaforða með mismunandi hætti¹⁰. Foreldrar ættu sem allra fyrst að fara að kenna börnum sínum stafi og form eins og aldur leyfir, þjálf þau í að skrifa nafnið sitt o.s.frv.
- 2) **Millilag orðaforðans** (Tier 2). Skipting orðaforðans í þrjú lög gefur fagfólki tækifæri til að meta skipulega hvaða orð á að kenna og hvenær. Þar er orðaforði millilagsins sérstaklega mikilvægur í kennslu í framhaldi af grunnorðaforðanum sem lærist oft sjálfkrafa¹¹.
- 3) **Endurtekningar** eru mikilvægar því þrátt fyrir að sum börn geti „hraðnumið“ hraðlært, þ.e. lært ný orð eftir að hafa heyrt þau einu sinni, þá er það ekki nóg fyrir flest börn. Þeim nýtist vel skipulögð kennsla og miklar endurtekningar með vísan í aðstæður¹².
- 4) **Skyld eða tengd** orð er auðveldara að læra en þau sem eru ólík. Orðin geta t.d. verið hljóðfræðilega lík (lús, les, lás, pat, pot), lík merkingarfræðilega (orð

um mannlíkamann, orð um leiksvæði o.s.frv.) eða orð sem eru lík í notkun (forsetningar; undir, yfir)¹³.

5) **Víkkun hugtaka og hugmynda.** Það víkkar og bætir við málþroskann að læra stöðugt frá grunni ný hugtök og orð sem útskýra þessar nýju hugmyndir. Raunveruleg reynsla nemenda með athugunum og tilfinningalegri upplifun í umhverfinu, skerpir á og hraðar orðaforðanáminu¹⁴.



Mynd 6. Að framkvæma aðgerð og lýsa með orðum skerpir á og hraðar orðaforðanáminu

6) **Flokkun orða.** Þegar orð eru kennd með mjög skipulögðum hætti þá byggjum við sterkan grunn að orðaforða innan sama þema/merkingarþáttar hjá börnum. Þetta er oft nefnd flokkun eða yfirorðaflokkun (sjá mynd 2). Að flokka

hluti, myndir og orð eftir merkingarflokki/yfirhugtökum á ekki eingöngu við í þjálfun ungra barna. Það styrkir og bætir við orðaforðanámið í öllum aldurshópum¹⁵.

7) **Meðvitund orða.** Nemendur læra orðaforða hraðar ef fullorðnir hjálpa þeim að uppgötva og þekkja orð; auðga áhuga barna á orðum, merkingu þeirra og styrk! Það fylgir kraftur í því að þekkja¹⁶ og nota orð rétt í tungumálinu¹⁷.

8) **Orð lærast stig af stigi.** Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þremur stigum í orðanáminu þ.e. þegar orð lærast og festast í sessi. Þegar orð heyrst fyrst er það óþekkt, svo fer barnið smám saman að þekkja orðið og í þriðja stigi er orðið komið í fastan þekkingargrunn. Þessi þekking er þjálfuð með beinni og endurtekinni þjálfun¹⁸ við mismunandi aðstæður.

9) **Merking orða.** Árangursríkt orðaforðanám eykst þegar nemandur læra merkingu orða og enn frekar þegar þeir skilja hvað það þýðir að nota orð saman¹⁹ þ.e. í ákveðnu samhengi og við ákveðnar aðstæður.

10) **Notendavænar orðaforðaútskýringar.** Barn lærir orðaforða hraðar í gegnum talað mál en með því að lesa orðaforðaskilgreiningar. Skilgreiningar í orðabókum hafa gjarnan lítið gildi þar sem orð eru oftast útskýrð með því að nota þyngri eða dýpri skýringar²⁰

<https://www.pearsonassessments.com/store/usassessments/en/Store/Professional-Assessments/Speech-%26-Language/The-Bridge-of-Vocabulary-2%3A-Evidence-based-Activities-for-Academic-Success/p/100001994.html>

EFSTA LAG ORÐAFORÐANS – SÉRHÆFÐU ORÐIN

Efsta lagið (Tier 3) inniheldur sérhæfðari orð sem lærast gjarna í tengslum við ákveðin viðfangsefni eða fræðasvið. Þau fela í sér djúpa og víðtæka merkingu eins og mörg orð eru t.d. í ákveðnum, tækni-, iðn-, og vísindagreinum (*þrýstingsstuðull, flöguþekjukrabbamein, flekaskil, himnuflæði, fjölbreytugreining, ísótópar*). Orðum í efsta laginu þarf gjarnan að fletta upp í orðabók eða fá góða útskýringu á þeim í fræðilegum texta eða kennslu.

Barn þarf að byggja stöðugt ofan á orðaforða sinn til að ná góðu valdi á tungumálinu. Orðaforðatíleikun barna getur verið mismunandi frá ári til árs eftir umhverfi, upplifun, þroska og lestrarfærni. Rannsóknir sýna að börn sem eru á eftir í orðaforða við 6 ára aldur eiga erfitt með að ná upp bilinu sem vex í orðaforðagetu frá ári til árs²¹. Ljóst er að einstaklingur þarf góðan orðaforða til að ljúka framhaldsskólanámi í bók- eða verklegum greinum og halda áfram í nám á háskólastigi þar sem stöðugt er krafist sérhæfðari orðþekkingar. Sá orðaforði þarf að byggjast upphaflega frá grunnorðaforðanum yfir í millilagið og áfram í enn þyngri orð.



Fjöldi rannsókna sýnir að almennur orðaforði barna við 5-6 ára aldurinn hefur besta forspárgildi fyrir lesskilning í 3-4 bekk. Þá hefur líka verið sýnt fram á að orðaforðageta við 6 ára aldur hefur fylgni við lesskilning við 16 ára aldur²². Svo það er mikið í húfi fyrstu árin í máltöku barna fyrir síðara nám.

Í næsta pistli mun ég fjalla enn frekar um orðaforðanámið og mikilvægi þess að bregðast sem fyrst við til að bæta atlæti og örvun ungra barna með tilliti til orðaforða og læsi.

¹ Ragnarsdóttir, H. (2013) Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs¹. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

² Reilly, S., Bavin, E., Bretherton, L., Conway, L., Eadie, P., Cini, E., . . . Wake, M. (2009). The early language in Victoria study (ELVS): A prospective, longitudinal study of communication skills and expressive vocabulary development at 8, 12 and 24 months. *International Journal of Speech Language Pathology*, 11(5), 344–357. <https://doi.org/10.1080/17549500903147560>

³ (2019) Marta Eydal, Jóhanna T. Einarsdóttir, Þorlákur Karlsson, Þóra Sæunn Úlfisdóttir: Börn sem eru sein til máls: Áhrif þjálfunar á orðaforða barns á þriðja ári. Netla–vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/02.pdf>

⁴ Tomblin, J. B., Records, N. L., Buckwalter, P., Zhang, X., Smith, E. og O'Brien, M. (1997). Prevalence of specific language impairment in kindergarten children. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 40(6), 1245–1260. <https://doi.org/10.1044/jslhr.4006.1245>

Norbury, C. F., Gooch, D., Wray, C., Baird, G., Charman, T., Simonoff, E. . . . Pickles, A. (2016). The impact of nonverbal ability on prevalence and clinical presentation of language disorder: Evidence from a population study. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 57(11), 1247–1257. <https://doi.org/10.1111/jcpp.12573>

⁵ Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing Words to Life: Robust Vocabulary Instruction*. Second Edition. New York: Guilford Press.

⁶ Elsa Pálsdóttir. (2017). Orðaforðalisti. Menntamálastofnun. Kópavogi.

⁷ Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2008). *Creating Robust Vocabulary: Frequently Asked Questions and Extended Examples*. New York: Guilford Press.

⁸ Árdís Hrönn Jónsdóttir (2013). *Orðaspjall - Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*. Reykjanesbæ: Leikskólinn Tjarnarsel.

⁹ Montgomery. J.K. 2018. The Bridge of Vocabulary 2. Top 10 evidence-based vocabulary strategies. Flyer. Pearson Education, Inc.

¹⁰ Parris, S.R., Headley, K. 2015. Comprehension Instruction: Research-based Best Practices *Solving Problems in the Teaching of Literacy Series*. New York, London: Guilford Publications.

¹¹ Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing Words to Life: Robust Vocabulary Instruction*. Second Edition. New York: Guilford Press.

¹² Pence Turnbull. K.L., Justice. L.M., 2017. *Language Development from Theory to Practice*, 3rd Edition. Upper Saddle River: Pearson.

¹³ Hoover, J.R. & Storkel, H.L. (2005). Understanding word learning by preschool children: Insights from multiple tasks, stimulus characteristics, and error analysis. *Perspectives on Language Learning and Education*, 8-12.

¹⁴ Gillon, G. Moran, C. & Page, F. (2007). Semantic intervention: Enhancing vocabulary knowledge in children with language impairment. In A. Kamhi, J.J. Masterson & K. Apel (Eds). *Clinical decision making in developmental language disorders*. (pp.165-184). Baltimore: Brookes.

Nagy, W.E., & Hiebert, E.H. (2011). Toward a theory of word selection. In M.L. Kamil, P.D. Pearson, E.B. Moje & P.P. Afflerbach (Eds.), *Handbook of reading research* (Vol. 4, pp. 388– 404). New York: Routledge. Grein keypt á <http://hvar.is/upload/4/SFX/sfx.gif>

¹⁵ McGregor, K. K., Duff, D. (2015). Promoting diverse and deep vocabulary development. In Ukrainetz, T. (Ed.), *School speech–language pathology: Principles and procedures for oral and written language*. Austin, TX: Pro-Ed.

16

¹⁷ Heilmann, John & Miller, Jon & Nockerts, Ann & Dunaway, Claudia. (2009). Properties of the Narrative Scoring Scheme Using Narrative Retells in Young School-Age Children. *American journal of speech-language pathology / American Speech-Language-Hearing Association*. 19. 154-66.

Dunaway, C. (2012) Narrative Retell

Scott, J.A., & Nagy, W.E. (2004). Developing word consciousness. In J.F. Baumann & E.J. Kame'enui (Eds.), *Vocabulary instruction: Research to practice* (pp. 201– 217). New York: Guilford.

¹⁸ Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing Words to Life: Robust Vocabulary Instruction*. Second Edition. New York: Guilford Press.

¹⁹ Nagy, William & Townsend, Dianna. (2012). Words as Tools: Learning Academic Vocabulary as Language Acquisition. *Reading Research Quarterly*. 47. 91 - 108.

²⁰ Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing Words to Life: Robust Vocabulary Instruction*. Second Edition. New York: Guilford Press.

²¹ Biemiller A (2009), *Words Worth Teaching*. Columbus, OH: SRA/McGraw-Hill.

²² Biemiller A (2011) *Vocabulary: What words Should We teach? Better: Evidence based Education*. Institute for Effective Education at the University of York and Center for Research and Reform in Education at Johns Hopkins University. Sótt á <https://ics.utoronto.ca/UserFiles/File/Laidlaw/Biemiller/Biemiller%20US%20Version%20for%20Better-Evidence.pdf>